

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

827. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 31. mars 2014 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við rekstrarstjóra framkvæmda – umhverfissviðs og umhverfisstjóra v/ Skýrslu Eflu verkfræðistofu um valkostagreiningu fyrir förgun úrgangs.
2. Bréf Samkeppniseftirlitsins v/ kvörtunar Hlöðunnar ehf.
3. Bréf Fjármála- og efnahagsráðuneytisins v/ áforma um sölu eigna Laugarbakkaskóla.
4. Bréf Kvenfélagsins Iðju.
5. Fundargerð 814. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
6. Bréf Regínu Þórarinsdóttur.

Afgreiðslur:

1. Umhverfisstjóri er mættur til fundar með byggðarráði en rekstrarstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs boðaði forföll. Farið yfir helstu niðurstöður í framlagðri skýrslu Eflu verkfræðistofu um valkostagreiningu fyrir förgun úrgangs. Framkvæmda- og umhverfissviði falið að leggja fram tímasetta áætlun um starfsemi urðunarstaðarins að Syðri- Kárastöðum.
2. Fram lagt bréf Samkeppniseftirlitsins sem varðar kvörtun Hlöðunnar ehf. yfir meintu broti sveitarfélagsins á samkeppnislögum og framsettri kröfu lögmanns Hlöðunnar um að Samkeppniseftirlitið taki bráðabirgðaákvörðun í málinu. Húnaþingi vestra er veittur frestur til 4. apríl nk. til að koma athugasemdum sveitarfélagsins á framfæri. Byggðarráð felur sveitarstjóra að svara erindinu í samráði við lögmann sveitarfélagsins.
3. Til kynningar lagt fram bréf Fjármála- og efnahagsráðuneytisins þar sem ráðuneytið veitir Húnaþingi vestra heimild til sölu eigna tengdum Laugarbakkaskóla sem eru í sameign ríkis og sveitarfélags. Auk þess er í bréfinu fjallað um samkomulag ráðuneytisins og Húnaþings vestra um uppgjör milli aðila seljist umræddar eignir.
4. Fram lagt til kynningar afrit af bréfi Kvenfélagsins Iðju í Miðfirði til hússtjórnar Félagsheimilisins Ásbyrgis þar sem ýmsar athugasemdir eru gerðar við störf hússtjórnarinnar á sl. árum og að meðan ekki verði úr bætt sjái félagið sér ekki annað fært en að stöðva greiðslur til félagsheimilisins.
5. Fram lögð til kynningar fundargerð 814. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Elín R. Líndal skýrði einstaka liði fundargerðarinnar.
6. Fram lagt bréf Regínu Þórarinsdóttur þar sem m.a. eru gerðar athugasemdir við frágang rotþróa á Laugarbakka auk þess sem spurt er um brunavarnir á Laugarbakka og frágang við göngustíg sem lagður var milli hverfa á Laugarbakka sl. sumar. Jafnframt komu fram í bréfinu upplýsingar um aðsókn í heita potta á Laugarbakka og Löngufit á árinu 2013. Byggðarráð samþykkir að vísa athugasemd og fyrirspurnum til framkvæmda- og umhverfissviðs og starfsmönnum sviðsins verði falið að svara því sem spurt er um og bregðast við framkominni athugasemd vegna rotþróa.
Samþykkt að taka á dagskrá:
7. Fram lagt tölvupóstbréf frá Grétu Sjöfn Guðmundsdóttur, framkvæmdastjóra Róta bs. auk þjónustusamnings sveitarfélaga um málefni fatlaðs fólks. Í bréfinu er þess óskað að aðildarsveitarfélög byggðasamlagsins fjalli um þjónustusamninginn og staðfesti

hann með samþykkt sinni. Samþykkt að vísa þjónustusamningnum til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:49

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín R. Líndal.

Stefán Böðvarsson.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Guðrún Ragnarsdóttir,
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Áheyrnarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson.